

Sp.

54. Tillaga til þingsályktunar

[49. mál]

um hafnargerðir.

Flm.: Ásgeir Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, hvort eigi sé hagkvæm-
ara fyrir ríkið og alla aðila, sem hlut eiga að máli, og hvort eigi verði við komið, að
hafnir séu fullgerðar í einu átaki.

Greinargerð.

Siglingar eru nauðsyn, en til þess að geta haldið uppi siglingum, þótt á góðum
skipum sé, þarf góðar hafnir. Ekkert öryggi er ella um samgöngur við staðina úti á
landsbyggðinni, þegar vetrarstormarnir hefjast. Allvíða er unnið að hafnargerðum
í senn, en af þeim sökum miðar of hægt á hverjum stað, og hafnarmannvirkin liggja
undir skemmdum af ágangi sjávar o. fl., þegar sjór tekur að ókyrrast og vetur
gengur í garð. Því ber að athuga, hvort eigi sé kleift að gera í þessu efni mikið átak,
bæði öryggisins vegna og af hagsmunaástæðum, og taka til þess lán, innlent eða
erlent, svo að um muni.